

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

666. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 1. nóvember 2010 kl. 12:30 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Grettistaks ses.
2. Fundargerð Menningarráðs NV frá 20. október sl.
3. Bréf Veidifélags Víðidalsár.
4. Fundargerð stjórnar SSNV frá 12. október sl.
5. Erindi Icelandic Water Export.
6. Fundargerðir 778. og 779. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.
7. Bréf Þjóðskrár Íslands.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Grettistaks ses. eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Kynntu þeir fyrir byggðarráði uppbyggingu, stöðu og framtíðarsýn verkefnisins.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð Menningarráðs NV frá 20. október s.l.
3. Lagt fram bréf Veidifélags Víðidalsár frá 17. október s.l. og drög að samstarfssamningi um vatnasvæði Víðidalsár ofan Kolufossa. Byggðarráð samþykkir framlögð samningsdrög fyrir sitt leyti.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 12. október s.l.
5. Lagt fram bréf Icelandic Water Export frá 15. október s.l., þar sem farið er fram á framlengingu samnings um vatnssölu dags. 29. nóvember 2007 ákvæði 2.1 í viðauka. Byggðarráð samþykkir að framlengja ofangreint ákvæði til 29. nóvember 2011.
6. Lagðar fram til kynningar fundargerðir 778. og 779. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.
7. Lagt fram til kynningar bréf Þjóðskrár Íslands frá 20. október 2010 um kosningu til stjórnlagabings 27. nóvember n.k.
Samþykkt að taka á dagskrá.
8. Sveitarstjóri greindi frá fundi sem hann ásamt oddvita og forstöðumanni tæknideildar áttu nýverið með fulltrúum Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Á þeim fundi var m.a. rætt um tiltekin umferðaröryggismál eins og hraðahindranir á Laugarbakka, göngustíg milli hverfa á Laugarbakka og gatnamót Hringvegur og Reykjaskólavegar. Á fundinum var jafnframt rætt um nauðsyn aukins viðhalds á tengivegum og héraðsvegum í sveitarfélaginu svo og lagningu bundins slitlags á Vatnsnesveg norðan Hvammstanga. Í kjölfar fundarins hefur Vegagerðin undirbúið framkvæmdir við gerð göngustígs milli hverfa á Laugarbakka og uppsetning hraðahindrana er í skoðun hjá veghönnunardeild Vegagerðarinnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:45.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Ragnar Smári Helgason.

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari